

Verkefni:	Stjórnarfundur Gígjunnar
Dagsetning fundar:	8. maí 2015.
Tímasetning fundar:	kl. 17:00 - 19:30
Fundarstaður:	Domus Vox, Laugavegi 116, Reykjavík.

Stjórnarmenn / fundarmenn:

Þórhildur Kristjánsdóttir	formaður	mætt
Dagbjört Ottósdóttir	varaformaður	mætt
Ragnheiður Helgadóttir	ritari	fjarverandi
Guðlaug Ásgeirsdóttir	gjaldkeri	mætt
Anna Lilja Ottósdóttir	meðstjórnandi	fjarverandi
Aðalheiður Gunnarsdóttir	vefstjóri	mætt

Fundarefni og helstu niðurstöður fundar:**1. 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna.**

Gestir fundarins í þessu máli voru Margrét Pálmadóttir og Heiða Gunnarsdóttir. Ræddar voru hugmyndir um stóra kvennakóratónleika í tilefni af 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Gert er ráð fyrir að halda tónleikana í byrjun aðventu. Nokkrar tillögur komu fram um staðsetningu; Langholtskirkja, Háskólabíó, Hallgrímskirkja og Harpa, annað hvort Norðurljósasalur eða Eldborgarsalur. Mjög líklega yrðu þátttakendur það margir að Eldborgarsalurinn mundi henta best. Athuga þarf hvort hann er laus á þeim tíma sem um er að ræða. Hugmyndir að efnistöfum tónleikanna voru ræddar, t.d. konur á aðventu í 100 ár þar sem farið yrði í gegnum sögu kvenna tengdri aðventu á þessum tíma. Þegar hefur fengist styrkur frá framkvæmdanefnd um 100 ára afmæli kosningaréttar kvenna. Leita þarf fleiri styrkja frá sjóðum og fyrirtækjum. Ákveðið að senda út póst á aðildarkóra þegar búið væri að staðfesta dagsetningu og athuga með þátttöku.

2. Norrænt kvennakórasamstarf – fundur í Stokkhólmi 30. maí 2015.

Dagbjört og Guðlaug sækja fund í Stokkhólmi 30. maí þar sem fulltrúar kvennakórasambanda á Norðurlöndum munu hittast og ræða samstarf sín á milli. Sótt hefur verið um styrk vegna ferðakostnaðar frá Norrænu menningargáttinni (Kulturkontakt Nord) sem er undirstofnun Norrænu ráðherranefndarinnar. Farið var yfir spurningalista sem beðið var um að yrði svarað fyrir fundinn þar sem óskað var eftir afstöðu til ýmissa mála er varða slíkt samstarf, s.s. hvort stofna ætti stjórn fyrir norræn kvennakórasamtök, hvaða hlutverk slík samtök ættu að hafa og hvaða fjármagn væri hægt að leggja í samstarfið. Þessi mál voru rædd og AG falið að svara spurningunum fyrir hönd Gígjunnar. Svörin frá öllum þátttakendum verða síðan tekin saman og notuð sem umræðugrundvöllur á fundinum.

3. Samningur við Fjölís.

Sent var bréf til allra aðildarkóra þar sem stjórn Gígjunnar óskaði eftir umboði til að ganga til samninga við Fjölís. 15 kórar hafa svarað og þar af hafa 14 kórar samþykkt að veita umboð. Ákveðið var að stjórnarkonur skipti þeim kórum sem eftir eru á milli sín og hringi í þá til að fá svör.

Ekki voru fleiri mál rædd á fundinum.

Fundi var slitið kl. 19:30.

Ritari fundargerðar: Aðalheiður Gunnarsdóttir.